



Til bæjarráðs,

Kópavogi, 15. desember 2025
25121419/502.04 GEF

Efni: Sólarhvarf 2-10 og Stöðvarhvarf 25-29. Afturköllun lóðarúthlutana.

Á fundi bæjarráðs 3. júlí 2025 var samþykkt að úthluta lóðunum Sólarhvarfi 2-10 og Stöðvarhvarfi 25-29 til Óskataks ehf. kt. 440107-0600. Um er að ræða tvær raðhúsaloðir, annars vegar með fimm íbúðum og hins vegar þremur íbúðum. Var tilkynning send til lóðarhafa 17. s.m. og greiðsluseðill gefinn út fyrir tilboðsfjárhæð/byggingarréttargjaldi með 30 daga greiðslufresti.

Lóðarhafi óskaði eftir framlengdum greiðslufresti. Var fallist á að veita lóðarhafa lokafrest til 31. október 2025, á meðan beiðni um heimild til veðsetningar biði afgreiðslu bæjarráðs. Var heimild til veðsetningar samþykkt í bæjarráði 30. s.m. Byggingarréttargjaldið er hins vegar enn ógreitt.

Samkvæmt 10. gr. úthlutunarskilmála fyrir 3. áfanga lóðarúthlutana í Vatnsendahvarfi er Kópavogsbæ heimilt að rifta kaupunum ef greiðsla hefur ekki borist á gjalddaga og bjóða lóðir aftur út, ef meira en þrír mánuðir eru liðnir frá opnun tilboða.

Var lóðarhafa tilkynnt um fyrirhugaða afturköllun á lóðarúthlutun og honum gefinn kostur í tvígang á að koma að andmælum eða greiða gjaldfallna reikninga. Engin viðbrögð hafa borist frá lóðarhafa.

Með hliðsjón af framangreindu er lagt til að afturkalla lóðarúthlutanir á lóðunum Sólarhvarfi 2-10 og Stöðvarhvarfi 25-29 og þær auglýstar aftur til úthlutunar.

Virðingarfyllst,

Guðrún Edda Finnbogadóttir

Skrifstofustjóri umhverfissviðs

